



Selfossi, 17.12.2025

Fundargerð stjórnar

33. fundur stjórnar *Brunavarna Árnassýslu* haldinn miðvikudaginn 17. desember 2025, kl. 09:00.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Bragi Bjarnason, Lárus Kristinn Guðmundsson, Pétur Pétursson og Heiða Ösp Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

1. Minnisblað frá HMS um ábyrgð slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnassýslu við öryggis- og lokaúttektir

Pétur kynnr fyrir stjórn minnisblað frá HMS sem varðar ábyrgð slökkviliðsstjóra við öryggis- og lokaúttektir. Brunavarnir Árnassýslu óskuðu eftir túlkun HMS á hver sé skylda slökkviliðsstjóra í öryggis- og lokaúttektum og hvort heimild sé fyrir því að sveitarfélag í byggðasalagi geti framselt þann hluta eldvarnareftirlits til annars aðila. Niðurstaða HMS er sú að það kemur fram með skýrum hætti í samþykktum Brunavarna Árnassýslu að eitt af verkefnum byggðasamlagsins er eldvarnareftirlit, þ.m.t. að veita umsagnir við öryggis- og lokaúttektir. Aðildarfélagin hafa skuldbundið sig til að starfa eftir þeim samþykktum sem gilda um byggðasamlagið og hefur eitt sveitarfélag ekki heimild til að taka einhliða ákvörðun um að semja við annan aðila um hluta eldvarnareftirlitsins.

Stjórnarformaður leggur til að slökkviliðsstjóri óski eftir fundi með stjórn UTU.

2. Staðan á björgunarmiðstöðinni á Flúðum.

Pétur fer yfir stöðuna á björgunarmiðstöðinni á Flúðum. Einhverjar tafar hafa orðið á framkvæmdinni. Þó standa vonir til að hægt verði að flytja inn í húsið með tæki og tól snemma á árinu 2026. Áætlað að byrja að reisa húsið í þessari viku. Umræður um stöðu verkefnis.

3. Staðan á slökkvistöðinni á Laugarvatni.

Pétur fer yfir stöðuna. Nokkuð langt er síðan að tæki liðsins voru flutt inn í húsnæðið en ekki gengur eins hratt og vonir stóðu til við að klára innri vinnu byggingarinnar (starfsmanna aðstöðu). Þetta skýrist fyrst og fremst af langtíma veikindum starfsmanna við stofnunina og hefur því þurft að forgangsraða verkefnum í takt við það. Vonir standa þó til um að vígsla verði á húsnæðinu á fyrstu mánuðum ársins 2026.

4. Staðan á björgunarmiðstöðvar verkefninu á Borg.

Lárus sýnir þrívíddarmyndir af verkefninu. Mikil og góð samvinna við björgunarsveitina á staðnum og sveitarfélagið. Samningar klárir og mun jarðvegsvinna hefjast fljótlega eftir áramót. Áætlað er að hægt verði að byrja starfsemi fyrir áramót 2026/27.

5. Staðan á Brunavarnaáætlun.

Pétur fer yfir stöðuna á Brunavarnaráætlun. Tafir hafa orðið á áætluninni vegna ýmissa atriða en hún hefur verið unnin í fullri samvinnu við starfsmenn brunamálasviðs HMS. Pétur sendir áætlunina á stjórnina þegar hún er tilbúin og samþykkt af HMS.

6. Staðan á kaupum BÁ á rými BFÁ við Árveg 1

Skrifað verður undir kaupsamning 18. Desember 2025. Stjórn sammála um að gott sé að þetta mál sé að klárast.

7. Starfsmannamál, Bókun 3 vegna kjarasamninga LSS.

Stytting vinnuvikunnar rædd, starfsmenn BÁ fá annan hvern föstudag í frí vegna hennar. Stjórnendur BÁ hafa ekki farið fram á aukafjárveitingar vegna þessa heldur reynt eftir fremsta megni að leysa fjármögnun vegna styttingarinnar með því färmagni sem aðildarsveitarfélögin leggja til reksturs stofnunarinnar.

Pétur upplýsir um vinnustofu á vegum Innviðaráðuneytisins sem hann tók þátt í að beiðni HMS. Þar hélt hann erindi um áskoranir slökkviliða vegna búsetu í annars konar húsnæði en íbúðarhúsnæði og þá með tilliti til búsetu í frístundarhúsum.

Pétur upplýsti stjórn um að Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun hefði farið þess á leit við slökkviliðsstjóra BÁ að halda námseið á vegum HMS um vinnslu og gerð fjárhagsáætlana fyrir slökkviliðsstjóra landsins. Gert er ráð fyrir að námskeiðið verði haldið í mars mánuði á Hótel Örk í Hveragerði.

Pétur upplýsir um úttekt HMS á Brunavörnum Árnæssýslu sem framkvæmd er annað hvert ár. Skemmst er frá því að segja að nánast öll atriði sem tekin voru út, voru til fyrirmyndar og verður skýrslan send á sveitarfélögin snemma á árinu 2026. Tvennt var þó gerð athugasemd við. Fyrri athugasemdin snýr að brunavarnaráætlun en seinkun útgáfu hennar skýrist bæði af verkefnastöðu BÁ sem og HMS sem hefur staðið í tímafrekum og erfiðum verkefnum undanfarið. Seinni athugasemd snýr að reykköfunartímum hjá slökkviliðsmönnum en nýtt kerfi var tekið upp hjá HMS um skráningu lögboðinna æfinga reykkafera í starfrænu utanumhaldi hjá HMS. Í dag telur kerfið alltaf 12 mánuði aftur í tímann þannig að mun stífara utanumhald þarf til þess að gæta þess að æfingarfjöldi reykkafaranna renni ekki út. Við úttektina kom í ljós að lögboðin æfingarfjöldi var runnin út hjá talsvert mörgum reykköfutum og var staðan einna verst í uppsveitum Árnæssýslu. Strax hefur verið gripið til aðgerða vegna þessa og gera stjórnendur BÁ ráð fyrir að staðan verði mun betri strax í lok árs 2025. Í framhaldi af þessu verður hinsvegar verklagi breytt hjá stofnuninni til þess að fyrirbyggja að þetta muni gerast.

8. Önnur mál.

Ákveðið að halda fyrsta fund á nýju ári í slökkvistöðinni í Þorlákshöfn.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:15

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Heiða Ösp Árnadóttir